




Jólasgógar skógræktarfélaganna



Jólatré eru ómissandi hluti af jólunum hjá stærstum hluta landsmanna. Í gegnum tíðina hefur stærsti hluti þeirra verið innfluttur, enda lengi vel lítið sem ekkert framboð af barrtrám á landinu. Nú er hins vegar öldin önnur. Í skógum skógræktarféлага víða um land eru að vaxa úr grasi barrtré af ýmsum gerðum, sem mörg hver geta verið hin fallegustu jólatré. Það færist því í vöxt að skógræktarfélag bjóði almenningi upp á að koma í skógarreiti á aðventunni og fella sér jólatré. Þessi ráðstöfun hefur ýmsa kosti í för með sér. Í fyrsta lagi fá fjölskyldur, vinir og samstarfsmenn skemmtilega samverustund í fallegu umhverfi og heilbrigða útiveru. Í öðru lagi fá

skógræktarfélagin tekjur sem nýtast til umhirðu skóganna og uppbyggingu aðstöðu í þeim. Í þriðja lagi gefst skógræktarfélagunum tækifæri til að kynna starfsemi sína og þá reiti sem þau hafa ræktað upp. Í fjórða lagi getur þessi taka á trám hjálpað til við eða auðveldað grisjun á reitunum, sem gerir þá enn betri til útivistar á eftir.

Í ár mun um þriðjungur skógræktarféлага landsins vera með jólatré til sölu - sum með felld tré á meðan önnur taka á móti fólki í skógana til að velja og fella eigið tré. Nánari upplýsingar um jólasgóga skógræktarfélaganna má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.

Jólatré



Svo langt aftur sem ég man eftir mér, í sveitinni vestur á fjörðum, var heimagert jólatré í Ytri-Húsum. Það var til siðs að dansa eða ganga kringum tréð á aðfangadagskvöld; regla sem móðir mín sá um að halda í heiðri ásamt því að sungin voru tvö til þrjú jóla-lög. Líklega hef ég verið um 10-11 ára þegar eldri bræður mínir höfðu frumkvæði að því að sótt var al-vöru jólatré til frændfólksins á bænum Læk. Þar hafði verið ræktað greni á vænum skika fyrir tilstilli föður-bróður okkar. Þótt ekki væri mjög langt að fara var þetta þó harðsótt ferð enda snjór og ófærð en auk þess þurfti að grafa a.m.k. metra niður á fast. Snjórinn var víða harðbarinn en annars staðar laust undir og þar sökk maður upp undir hendur á milli trjána. En erfiðið skilaði sér og það voru hróðugir ungir menn sem komu til baka eftir baksið með fallett tré og margar trjágreinar. Þegar tréð var komið á sinn stall og tók að þiðna bar fyrir vit áður óþekktan jólailm og þegar grenigreinar voru brenndar fyllti angan hvert skot. Þessi siður að sækja jólatréð yfir á Læk hélst síðan meðan ég var í heimahögum. Eins og þessi upprifjun sýnir eru hefðirnar sem tilheyra jólahaldi hér á landi oft á tíðum ekki ýkja gamlar. Við erum enn landnáms-þjóð í svo mörgu tilliti.

Undanfarin ár hefur veðurfar verið hagfellt til ræktunar. Hægt en stöðugt vex þekking á ræktun jóla-trjáa. Enn er samt lunginn af jólatrjám sem notaður er á íslenskum heimilum, hátt í $\frac{3}{4}$ þeirra, fluttur yfir hafið frá Danmörku. Hvernig í ósköpunum stendur á því þegar við höfum allar forsendur til þess að rækta

öll okkar tré hér á landi? Ástæðurnar eru sjálfsagt nokkrar. Má vera að meginskýringin sé sú að Danir hafa lengi haft markaðslega yfirburði; trén eru ódýr í innkaupum og stöðluð. Þannig vilja stærstu dreifingar- og umboðsaðilar hér á landi hafa vöruna. Þekking til að keppa við þennan öfluga markað hefur fram að þessu verið veikburða. Tegundin sem Danir markaðs-setja - norðmannsþinur - er afrakstur af margra áratuga þróunar- og markaðsstarfi. Spurningin er hvort við eigum möguleika á að skáka innflutningi erlendra jólatrjáa með afgerandi hætti? Svarið er ekki einhlítt en tækifærin eru til staðar og markmiðið hlýtur að vera að jafna áður nefnt hlutfall. Innflutt tré munu væntanlega vera hér á markaði áfram. En við getum áreiðanlega bætt okkur og náð stærri hluta kökunnar. Skal í því samhengi sérstaklega bent á að hér á Íslandi framleiðum við vistvæn tré. Danskur norðmannsþinur er ekki umhverfisvænn. Þvert á móti veldur ræktun hans miklu álagi á danskt umhverfi og náttúru sem ekki má við miklu auka álagi. Flutningur yfir hafið, þúsundir kílómetra með tilheyrandi losun koltvíoxíðs, skilur heldur ekki eftir sig „vistvæn spor“.

Heimsóknir í skóglendi þar sem stórfjöl-skyldan kemur og velur fjölskyldutréð er góð byrjun á jólahátíðinni og upplifun fyrir unga sem aldna. Skógræktarfélagin geta byggt á þessari jákvæðu ímynd og eftir hana enn frekar. Tækifærin blasa við. Við þurfum að nýta þau og byggja á því sem þegar hefur gefist vel. Lesandi góður. Veljum íslensk jólatré og leggjum þannig okkar af mörkum til enn frekari eflingar á starfi skógræktarfélaganna.

Brynjólfur Jónsson
Skógræktarfélagi Íslands

Skemmtileg brú á Tálknafirði




(Mynd: JÁJ).

Þessa frumlegu brú má finna yfir Hólsá sem aðskilur bæinn og skólann/sundlaugina á Tálknafirði. Stígurinn liggur um mjög vel heppnað landgræðsluskógasvæði Skógræktarfélags Tálknafjarðar. Mörg skólabörn ganga þessa leið í skólann og til baka á hverjum degi svo þetta er líklega einn mest notaði skógarstígur landsins. Einnig er vinsælt meðal íbúa að fá sér heilsubótargöngu út að skóla og til baka.

Brúin er samsett úr tveimur minni brúm sem liggja á stórum bitum. Með því móti var bæði hægt að gera brúna mun ódýrari en ella og svo verður lögunin mun skemmtilegri. Heiðurinn af hönnunni á Björgvin Sigurjónsson, formaður Skógræktarfélags Tálknafjarðar.

Skógarferð til Colorado 2013



© Hogs555 / Wikimedia Commons / CC-BY-SA-3.0

Skógræktarfélag Íslands hefur um ára- raðir staðið fyrir fræðsluferðum á er- lenda grund og er ferð ársins 2013 nú í undirbúningi. Stefnan er tekin vestur um haf til Bandaríkjanna, nánar til tekið til Colorado.

Fyrirhugað er að fljúga til Denver þann

26. september og koma heim þann 5. október. Frá Denver er ætlunin að fara um Colorado til að skoða skóga, náttúru og sögustaði svæðisins. Stefnt er að því að heimsækja að minnsta kosti einn þjóðgarð og hitta fólk frá U.S. Forest Service - „Skógrækt ríkisins“ þar í landi. Leiðsögumaður í ferðinni verður skógfræðingurinn Þórarinn Benediktz, en hann fór um þessar slóðir með Ágústi Árnasyni fyrir rúmlega fjörutíu árum í við- amikilli fræsöfnunarferð um Bandaríkin og Kanada.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir, á skog@skog.is eða í síma 551-8150.

Opið hús skógræktarfélaganna

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir Opnu húsi skógræktarfélaganna fimmtudagskvöldið 18. október, þar sem sagt var í máli og myndum frá skógarferð til Skotlands, sem félagið stóð fyrir haustið 2011. Ferðin var skipulögð í samráði við skógfræðinginn og Ís- landsvininn Alexander „Sandy“ Robertson.

Hann var nýkominn til landsins þegar Opna húsið var haldið og mætti hann eldhress á svæðið með sekkjapípu, sem hann þandi við góðar undirtektir, og viskí í flösku fyrir gesti að smakka á.



Sandy leikur listir sínar á sviðinu á Opnu húsi (Mynd:EG).

Laufblaðið

Fréttablað, 21. árgangur, 3. tölublað 2012.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir og Einar Örn Jónsson.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2012:

Magnús Gunnarsson formaður.
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður.
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri.
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson
Páll Ingbór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



Grisjun hjá Skógræktarfélagi Skilmannahrepps sumarið 2012

Nokkur undanfarin ár höfum við fengið skógarhöggsmenn til að grisja í skóginum. Hefur það fyrst og fremst verið skjólbelti úr víði, en beltin vaxa hratt og vilja leggjast á hliðina. Einnig var grisjað talsvert í elsta hluta skógarins (birki og stafafura). Hefur þetta efni farið í kurl nánast eingöngu.

Í sumar var skógarhöggismaður hjá okkur í mánuð og grisjaði talsvert. Hann fór í asparröð upp með heimreið og felldi allmargar vænar aspir (10-14 m háar). Við seldum bílfarm til Mosa ehf í Mosfellsbæ, sem framleiðir spæni undir skepnur. Auk þess fórum við með tíu 3 m tré (15-20 cm í þvermál) upp í Hvamm í Skorradal og fengum það sagað í borðvið (25 og 50 mm, ókantskorið). Ætlum við að smíða úr því bekkir í skóginn og e.t.v. fleira. Þetta er fyrsta tilraun til að vinna smíðavið úr skóginum, fyrir utan nokkrar litlar skálar sem voru renndar úr elstu stafafurunum.

Bjarni O.V. Þóroddsson
formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps



Verið að ferma bíl með asparbolum úr grisjun. Stæðan fremst á myndinni á að fara í stígagerð í Hvalfjarðarbotni.



Aspir meðfram heimreið.



Stæða af asparbolum, 3 m langir.

Merkileg saga um bjúgskóflu

Þann 21. nóvember sl. bauð Karl Eiríksson, heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, stjórn félagsins á heimili sitt ásamt nokkrum fjölskylduvinum. Tilfni þessa boðs var að Karl afhenti félaginu merka bjúgskóflu til varðveislu og eignar. Þessi bjúgskófla er um margt merkilegri en ætla mætti í fyrstu. Eitt er að sá skógur sem nú getur að líta í Elliðaárdalnum er að drjúgu leyti orðinn til fyrir tilstilli þessa verkfæris og eldhugans Kjartans Sveinssonar. Þannig háttaði til að í árdaga skógræktar í Elliðaárdalnum gaf Hákon Bjarnason skógræktarstjóri bjúgskófluna góðvini sínum Kjartani Sveinssyni, starfsmanni Rafmagnsveitu Reykjavíkur og skógræktarfrömuði í Elliðaárdal. Frá fyrstu tíð bar Kjartan Sveinsson hitann og þungann af skógræktarstarfinu, gaf mönnum góð ráð og gekk úr skugga um að vel væri að verki staðið.



Fjola Magnúsdóttir, sambyliskona Karls, ásamt Ragnheiði Hermannsdóttur, uppeldisdóttur Kjartans Sveinssonar og konu hans Bergþóru Gunnarsdóttur. (Mynd:BJ).

Þegar hugað er að þessari ágætu gjöf Hákonar til Kjartans á sínum tíma þá tengist hún einnig samskiptum Íslands og Þýskalands á árunum 1959 - 1961 en um þau samskipti fjallar Hákon Bjarnason í fróðlegri grein í Skógræktarritinu árið 1962. Einn þeirra þjóðverja sem Hákon hafði samband við, dr. Herbert Hesmer, kom hingað til lands sumarið 1960 og hafði hann í förum sínum ýmis handverkfæri, þar á meðal bjúgskóflur. Hákon segir í greininni



Karl Eiríksson ásamt fjölskyldu, vinum og stjórn SÍ við afhendingu á bjúgskóflunni merku (Mynd:BJ).

„Strax og við reyndum þessar skóflur varð ljóst að mikill verksparnaður mundi vera að nota þær, þar sem þeim varð við komið. Fengum við því dálítið af þeim fyrir vorið 1961, og þegar leið á sumar kom í ljós að þessi verkfæri höfðu þegar sparað okkur nokkra tugi þúsunda strax á fyrsta árinu“. Bjúgskóflan merka er því vitnisburður um þróun í tækni og aðferðum fyrri tíma um leið og hún er vitnisburður um frumkvöðlastarf og vinarþel einstaklinga sem höfðu sömu hugsjónir og markmið.

Þegar Kjartan hætti störfum hjá Rafmagnsveitunni óskuðu yfirmenn hans eftir því að hann hefði áfram umsjón með skógræktinni meðan hann hefði heilsu til. Því starfi sinnti hann af dugnaði og eljusemi til hinsta dags. Þess má geta að þeir félagar Kjartan og Karl voru báðir lengi í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur. Eftir að Kjartan hætti störfum í Elliðaárdalnum vildi hann að gripurinn kæmist í góðar hendur og fól Karli Eiríkssyni skófluna til varðveislu. Karl notaði skófluna um árabíl ásamt fjölskyldu sinni við gróðursetningu í Stíflisdal í Þingvallasveit. Árið 2011 ákvað Karl að fægja skófluna og afhenda hana Skógræktarfélagi Íslands til minningar um Kjartan og óeigingjarnt starf hans í þágu skógræktar. Með þeim hætti uppfyllti hann óskir Kjartans og fól félaginu að varðveita þennan sögulega grip um ókomin ár.

70 ára afmæli Skógræktarfélags Akraness



Stefán Teitsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Akraness, segir frá sögu félagsins (Mynd:RF).

Skógræktarfélag Akraness hélt upp á 70 ára afmæli sitt sunnudaginn 18. nóvember með afmælisfundi í Fjölbautaskóla Vesturlands.

Hófst fundurinn með ávarpi Jens B. Baldurssonar, formanns félagsins. Bauð hann fundargesti velkomna, fór stuttlega yfir dagskrána og sagði frá höfðinglegri gjöf Skógræktarfélags Skilmannahrepps til félagsins, en nágrannafélagið í Skilmannahreppi gaf Skógræktarfélagi Akraness 70.000 krónur í tilefni afmælisins og eiga þeir fjármunir eftir að nýttast vel í starfsemi félagsins.

Því næst flutti Ragnheiður Þóra Grímsdóttir tvær stuttar sögur. Þá fór Bjarnfríður Leósdóttir með ljóðið *Gróðursetning*, eftir Guðmund Böðvarsson. Því næst flutti Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands stutt ávarp. Næstur á mæl-

endaskrá var Stefán Teitsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Akraness, og fór hann í máli og myndum yfir sögu félagsins. Að því loknu var boðið til kaffis, þar sem framreidd var stór og góð afmælisterta, frá bæjarstjórn Akranessbæjar.

Að kaffihléi loknu hélt Jón Pálmi Pálsson, bæjarstjóri Akranessbæjar ávarp. Steig þá Magnús Gunnarsson í pontu og tilkynnti að Skógræktarfélag Íslands myndi gefa Skógræktarfélagi Akraness sjö „eðaltré“ í tilefni afmælisins og yrðu þau afhent næsta vor, enda erfitt með gróðursetningu nú. Því næst sagði Ragnhildur Freysteinsdóttir, Skógræktarfélagi Íslands, stuttlega frá tillögu að skipulagi skógræktarreitir við þjóðveginn sem unnin var fyrir nokkrum árum. Íris Reynisdóttir, garðyrkjustjóri Akranessbæjar endaði svo á að fjalla um skógræktarsvæðin í sveitarfélaginu og þá vinnu sem nú er í gangi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Á milli atriða tóku svo fundargestir vel valin lög.

Þess má til gamans geta að á fundinn voru mættir fimm fyrrverandi formenn félagsins og var að sjálfsögðu tækifærið nýtt til myndatöku.



Nokkrir fyrrverandi formenn Skógræktarfélags Akraness, ásamt núverandi formanni. F.v. Stefán Jónsson, Oddgeir Þór Árnason, Þóra Björk Kristinsdóttir, Stefán Teitsson, Bjarni O. V. Þóroddsson og Jens B. Baldursson (Mynd:RF).


Fræðsluferð til Þýskalands

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir fræðsluferð til Þýskalands dagana 11.-18. september 2012. Í ferðinni var haldið til Bæjaralands (Bayern) og skoðaðir skógar þar, auk sögustaða og fallelgrar náttúru svæðisins.

Flogið var til München, þar sem Marcus Kühling, framkvæmdastjóri Þýska skógræktarsambandsins (Deutscher Forstverein) tók á móti hópnum, en ferðin var skipulögð í samráði við hann. Fylgdi hann hópnum mestan hluta ferðarinnar. Byrjað var á að aka til Ebersberg, þar sem gist var í fjórar nætur, en þaðan var haldið til Regensburg, þar sem gist var í tvær nætur. Síðustu nóttinni var svo eytt í Neufahrn, rétt utan við München.

Í ferðinni voru skoðaðir skógar, sögustaðir og fallett landslag Bæversku alpanna, auk þess sem hópurinn hitti þarlent skógarfólk hjá Bæverska skógræktarsambandinu (Bayerischer Forstverein) og Skógrækt Bæjaralands (Bayerische Staatsforsten). Meðal annars var þjóðgarðurinn Bayerischer Wald heimsóttur, Herrenchiemsee höllin skoðuð, fyrirtækið Haas Fertigbau heimsótt, sem er hluti samsteypu með áherslu á viðarafurðir, siglt á Dóná og auðvitað haldið út í marga skóga. Mátti á einum stað til dæmis sjá rúmlega 50 metra há asktré, sem vöktu mikla athygli ferðalanganna.

Fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands var Hrefna Einarsdóttir og Barbara Stanzeit, Skógræktarfélagi Garðabæjar, sá um túlkun og samskipti við gestgjafana.



Landslag í Bæversku ölpunum er víða ægífagurt. Skógarþekja í þessum bröttu hlíðum er sérlega mikilvæg vegna verndar gegn rofi, sérstaklega vatnsrofi í kjölfar rigninga, en einnig eru þetta mikilvæg búsvæði ýmissa tegunda (Mynd:RF).



Á göngu um þjóðgarðinn í Bayerischer Wald fengu ferðalangar áhugaverða fræðslu um skógin. Sérstaklega var fjallað um barkarbjöllu, en stór svæði í skóginum í þjóðgarðinum hafa orðið henni að bráð og voru skiptar skoðanir um hvernig bregðast ætti við því. Ákveðið var að reyna ekki að stemma við bjöllumni í þjóðgarðinum, nema á jöðrum hans, þar sem skógurinn liggur að nytja-skógi utan garðsins (mynd:BJ).



Hundaeign er mjög algeng meðal skógræktarfólks í Þýskalandi (eins og víðar), enda nýtast þeir vel til að finna og fylgjast með dýrum í skóginum, sérstaklega dádýrum og hjörtum, sem þarf að hafa stjórn á. Þetta krútt var í „starfsþjálfun“ hjá einum skógarverðinum (Mynd:RF).

**Reykjavík**

Alþýðusamband Íslands,
www.asi.is, Sætúni 1
Auglýsingastofan ENNEMM,
Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Eyjólfur Rósmundsson ehf,
Jöldugróf 12
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðheimar, Stekkjabakka 6
Gjögur hf, Kringlunni 7
HGK ehf, Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf,
Eldshöfða 14
Íslenska Gámafélagið ehf, Gufunesi
Kemi ehf-www.kemi.is, Tun-
guhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
KOM almannatengsl, Höfðatorgi
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landvernd, Skúlatúni 6
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Moldarblandan-Gæðamold hf,
Gylfaflöt 20
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og
læknir, Vínlandsleið 16
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Raftíðni ehf, Grandagarði 16
Rarik ohf, Bíldshöfða 9
Samiðn, Borgartúni 30
Skorri ehf, Bíldshöfða 12
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvgi 6
T.ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Skuggasundi 1
Umhverfis- og samgöngusvið
Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14

Veitingahúsið Jómfrúin,

Lækjargötu 4
Verkfræðistofan VIK ehf,
Laugavegi 164
Vélfang ehf, Gylfaflöt 32
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Kópavogur

H. Hauksson ehf, Víkurhvarfi 5
Ljósvalinn ehf, Vesturvör 30b
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Vetrarsól ehf, verslun, Askalind 4

Garðabær

Fagval ehf, Smiðsbúð 4
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Álfhelli 1
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Nonni Gull, Strandgötu 37
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Aflbinding-Járnverktakar ehf,
Kliftröð 5
Toyota Reykjanesbæ,
Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Bjarmar ehf, vélaleiga, Hólmaflöt 2
Gísli Stefán Jónsson ehf, Stilholti 7
Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga,
Egilsholti 1
Landbúnaðarháskóli Íslands,
Hvanneyri
Sæmundur Sigmundsson ehf,
Brákarbraut 20

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness,
Aðalgötu 24

Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf,
Brautarholti 18

Hellissandur

Vélsmiðja Árna Jóns ehf,
Smiðjugötu 6

Ísafjörður

Bílaverið ehf, Sindragötu 14
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafirði
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5

Blönduós

Gullregn, garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Sauðárkrúkur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Skagafjarðarveitur ehf,
Borgarteigi 15
Stoð, verkfræðistofan ehf,
Aðalgötu 21

Barnahornið

KRAKKAR! Á MYNDUNUM HÉR FYRIR NEÐAN ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!



Náttúran sýnir mátt sinn

Trjágróður fór víða illa út úr óveðrinu sem gekk yfir landið í nóvember. Á skógræktarsvæðinu við Hamrahlíð í Mosfellsbæ rifnuðu stór og stæðileg barrtré upp með rótum eða brotnuðu í sundur. Ástandið var sérstaklega slæmt meðfram nýjum útivistarstíg sem liggur um skógræktarsvæðið og tengir saman stígakerfi Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.

Á gömlum og grónum sumarbústaðalóðum við Varmá í sama bæjarfélagi lágu einnig margir risar í valnum eftir átökin. Aðrir brotnuðu í sundur eins og tannstönglar. Sum þessara trjáa voru um og yfir 20 metrar á hæð og því mikill missir að þeim.

Skömmu eftir óveðrið gerðu Helgi Gíslason og Gústaf Jarl Viðarsson, starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur, sér ferð í Mosfellsbæinn til að kanna verksummerki og saga niður brotin og fallin tré á Sveinseyri við Varmá. Einar Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands var með í för og smellti af nokkrum myndum. Fleiri myndir má skoða á Facebook-síðu Skógræktarfélags Íslands.



Gústaf Jarl Viðarsson skógræðingur stendur við hlið stafafuru í Hamrahlíð sem kubbaðist í sundur í óveðrinu. Gústaf er um 2 metrar á hæð og má því ætla að tréð hafi brotnað í sundur í 5-7 metra hæð. (Mynd:EÖJ).



Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, virkar lítill í samanburði við þetta grenitré sem rifnaði upp með rótum í veðrinu.(Mynd:EÖJ).

**Akureyri**

Ísgát ehf, Furulundi 13f
Kjarnafæði hf, Fjölrisgötu 1b
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf,
Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar, sími
464-2990, Stóru-Laugum

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,

Einhleypingi 1

Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5

Reyðarfjörður

Tærgesen ehf, Búðargötu 4

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð,
Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Hornabrauð ehf, Litlubrú 1
Skinney-Pinganes hf, Krossey

Selfoss

Bakkaverk ehf, Dverghólum 20
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar,
Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps,

Villingavatni

Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Jóhann Helgi og Co ehf,
Vatnsholti 2

Pípulagnir Helga ehf, Gagnheiði 11

Ræktunarsamband Flóa og
Skeiða, Gagnheiði 35

Skeiðahreppur og Gnúpverja-
hreppur, Árnesi
Sveitarfélagið Árborg, Austurvegi 2
Vélaverkstæði Þóris ehf,
Austurvegi 69

Flúðir

Garðyrkjustöðin Jörfi, Ljónastíg 1

Hvolsvöllur

Búaðföng, Stórólfsvelli

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2012



Páll Ingbór Kristinsson, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnavetninga, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar, skrifuðu undir samning um stækkun landgræðsluskógasvæðisins í Vatnahverfi. Vigdís Finnbogadóttir og Óskar Sigurðsson, voru vottar að undirskriftum (Mynd:BJ).

Skógræktarfélag Íslands hélt sinn 77. aðalfund á Blönduósi dagana 24.-26. ágúst 2012 og var Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga gestgjafi fundarins að þessu sinni. Að venju var vel mætt á fundinn og áttu fundargestir góða daga á fundinum.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var farið í vettvangsferðir til að skoða skóga og skógrækt í Húnaþingi, hlýtt á áhugaverð fræðsluerindi og veittar viðurkenningar fyrir störf í þágu skógræktar, auk þess sem Gísli Gestsson var gerður að heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands. Fundargestir nýttu svo að sjálfsögðu tækifærið í kaffihléum og milli atriða til að ræða málín við gamla og nýja félaga innan skógræktarhreyfingarinnar.

Fundur European Forest Network í Finnlandi

European Forest Network (EFN) eru óformleg samtök skógræktarfélaganna í Evrópu og er megináhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um skóga- og skógræktartengd málefni. Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands sóttu fund EFN í Finnlandi dagana 29.-31. ágúst, en þar voru mættir fulltrúar frá Svíþjóð, Þýskalandi, Eistlandi, Skotlandi, Austurríki og Noregi, auk fulltrúa heimamanna. Hélt hvert land kynningu á helstu málum skógræktar í sínu heimalandi, sem eins og gefur að skilja eru nokkuð misjöfn milli þessara landa. Þema fundarins var annars byggingar úr timbri og var því meðal annars heimsótt Sibelius tónlistarhúsið í Lathi og „píanóskálinn“ (Piano Pavilion) við það, sem eru bæði góð dæmi um hvernig nýta má timbur til húsagerðar. Einnig var farið á Finnmetko kaupstefnuna, sem er með stærstu skógartengdu kaupstefnum, en í ár voru um 350 sýningaraðilar á henni.



Að ofan. Í Sibelius tónlistarhöllinni í Lathi leikur viður stórt hlutverk og ekki laust við að hönnunin minni á hávaxinn skóg (Mynd:RF).

T. v. Sýning á skógarhöggsvél á Finnmetko kaupstefnunni. Söluáðilar voru bæði með nýjar og notaðar vélar og af ýmsum stærðum (Mynd:RF).



Skógarfjör hjá skátum

Landsmót Skáta var haldið dagana 20.-29. júlí á Úlf-ljótuvatni, en þá fagnaði Skátahreyfingin 100 ára afmæli sínu. Meðal þess sem skátar tóku sér fyrir hendur á mótinu var gróðursetning, sem Skógræktarfélag skáta á Úlf-ljótuvatni hélt utan um og voru um 2000 birkiplöntur settar niður í hlíðum Úlf-ljótvatnsfjalls.



Birkiplönturnar bíða eftir að komast í mold og mynda nýja skóga í hlíðum Úlf-ljótvatnsfjalls (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).



Steinn Kárasen, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi skáta við Úlf-ljótvatn, fer yfir hvernig á að setja niður trjáplöntur (Mynd:Ragnheiður Jósúadóttir).



www.fit.is



GARÐABÆR



FLJÓTS DALSHÉRAÐ



HS ORKA HF



LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS



Landsvirkjun

molta



Vistvænar jólaskeytingar

Kirkjugarðarnir leggja áherslu á að jólaskeytingar á leiðum séu alfarið gerðar úr lífrænum efnum.

Eftir áramót er slíkum skreytingum fargað með vistvænum hætti í jarðgerð Kirkjugarðanna.



Sjá nánar á www.kirkjugardar.is

Starfsfólk
Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma

Skógræktarfélag Íslands þakkar öllum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn við útgáfu Laufblaðsins árið 2012 .



Sáð til framtíðar í Fjölbrautaskóla Vesturlands

Þátttakendur í Comenius-verkefninu *Sáð til framtíðar* (Planting our future) heimsóttu Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í september. Voru það níu kennarar og átján nemendur frá Austurríki, Eistlandi, Ítalíu, Póllandi, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Á Akranesi unnu þeir að verkefninu, sem fjallar um umhverfisvernd, skógrækt og uppgræðslu, orkunýtingu og fleiri tengd málefni.

Þátttakendur fengu fræðslu í skólanum, fóru í gönguferðir og einn daginn var Skógrækt ríkisins að Mógilsá heimsótt. Þar fræddi Arnór Snorrason fólk um gróðureyðingu og skóga á Íslandi frá landnámi til nútímans með afar fróðlegri glærusýningu. Á eftir var gengið um skóginn. Eftir heimsóknina að Mógilsá var farið í Heiðmörk þar sem Einar Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands, fræddi þátttakendur um skógræktarfélag og þátt þeirra í skógrækt á Íslandi. Voru gestirnir sérstaklega ánægðir með þessar heimsóknir sem veittu þeim góða innsýn í gróðurfar og þróun þess á Íslandi. Einnig var farin tveggja daga ferð á Þingvelli, Gullfoss og Geysi og til baka Uxahryggjaleið í Skorradal. Mátti á leiðinni sjá mörg dæmi um rofabörð og uppblástur sem sýndi gestunum glögglega hversu mikið verk er óunnið í endurheimt gróðurs á landinu okkar.

Einn daginn var svo gengið í ágætu veðri frá Fjölbrautaskólanum að skógræktinni við Þjóðveginn að Akranesi þar sem verið er að rækta upp skjólbelti, en þegar þangað var komið brast á ausandi rigning. Hvorki íslensku gestgjafarnir né gestirnir létu veðrið á sig fá, heldur gróðursettu þrjátíu tré með glöðu geði í rigningunni.



Meira að segja Spánverjarnir, sem vanir eru töluvert betra veðri, brostu út að eyrum þegar þeir gróðursettu trén í rigningunni (Mynd: Jens B. Baldursson).



Gestirnir glaðir í bragði að gróðursetningu aflokinni (Mynd: Skessuhorn - www.skessuhorn.is).

Allir lesa Laufblaðið!




(Mynd: Páll Ingbór Kristinsson)

Ísis, sem er blanda af labrador og íslenskum hundi, gluggar iðulega í Laufblaðið, enda alin upp hjá góðu og gegnu skógræktarfólki. Finnst henni sérlega gaman að sjá aðra hunda eða dýr í blaðinu og skoðar hún því Allir lesa Laufblaðið dálkinn alltaf vandlega!

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilega mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárprýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

Jóla - og tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands 2012



Prýðum landið, plöntum trjám

Nýlega kom út tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands 2012. Kortið prýðir vatnslitamynd eftir Sigurþór Jakobsson, er heitir Vetrarfuglar. Þessi mynd prýðir einnig forsiðu 2. heftis Skógræktarritsins 2012.

Sérstök hvatning er á kortinu, þar sem kemur fram að fyrir hvert selt kort gróðursetur félagið eitt tré. Ekkert er prentað inn í kortin, þannig að þau nýtast við hin ýmsu tilefni – sem jólakort, afmælis kort, boðskort eða hvaðeina sem fólki dettur í hug.

Kortin eru seld 10 saman í bunti með umslagi, á kr. 1.000. Ef pöntuð eru 50 kort eða fleiri er veittur 25 % afsláttur.

Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, í Þórunnartúni 6, 2. hæð. Einnig er hægt að panta kortin í síma 551-8150 eða með tölvupósti til skog@skog.is og fá þau póstsend en þá bætist við burðargjald.

Einnig fást enn eldri tækifæriskort. Nánari upplýsingar má finna á vef Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.

Sérstakur reynir

Þetta sérstaka reyniviðartré stendur eitt inni í klettaskoru efst í Tómgili, norðvestan við Kaldnasa, en Kaldnasinn er vestan við Helgrindur í Snæfellsnesfjallgarðinum. Mjög fáir vita af því. Guðmundur Pálsson, sem nú er 74 ára, man eftir því þegar hann var barn og unglingur að alast upp í Tröð, en hann kom svo ekki í Tómgilið í um 60 ár.

Eftir að hafa oft vitnað í þetta tré á síðustu árum gerðu þau hjónin Þórunn Kristinsdóttir og Guðmundur Pálsson sér ferð í Tómgilið síðastliðið sumar til að forvitnast um tréð og kom þá í ljós að það lifir enn. Er þetta eina reyniviðartré á all stóru svæði, en þau hjón ganga mikið fjallgarðinn frá Grundarfirði og út á Snæfellsnesjökul og hafa ekki rekist á annan reynivið á sínum ferðum.



T.h. Reynirinn í Tómgili (Mynd: Þórunn Kristinsdóttir).

T.v. Ekki er miklum trjágróðri fyrir að fara í næsta nágrenni reynisins. Mjög lítið ber á honum og dytti fæstum í hug að á þessu svæði væri reynir „í felum“ (Mynd: Þórunn Kristinsdóttir).



Skógarstígar í Mosfellsbæ

Eins og fram kemur í minningargrein um Pál I. Aðalsteinsson, mikinn velgjörðarmann Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í nýútkomnu tölublaði Skógræktarritsins, þá var það haft að orði að nánast hafi verið gróðursett í öll fell og margar fjallshlíðar innan Mosfellsbæjar á þeim árum sem Guðrún Hafsteinsdóttir, eiginkona Páls, var formaður félagsins. Ávöxtur þess starfs blasir við öllum sem leið eiga um bæjarfélagið; hávaxnir skógarteigar veita þar víða skjól í hlíðum og dölum. Með vaxandi skógum kemur þörfin fyrir stíga og vegi gegnum skógana og hefur Skógræktarfélagið að undanfögnu hrint af stað nokkrum verkefnum til þess að bæta þar úr, ýmist á eigin vegum eða í góðri samvinnu við aðra aðila sem þar áttu einnig hagsmuna að gæta; verður hér greint lítillega frá tveimur þessara verkefna.

HAMRAHLÍÐARSKÓGUR

Undir Hamrahlíðinni hefur nú á þessu ári verið lokið gríðarmiklu verki sem er gerð samgöngustígs sem tengist stígakerfi Mosfellsbæjar í Hlíðartúnshverfi norðan Úlfarsfellsins og liggur þaðan á fallegu vegarstæði suður í gegnum skóginn í Hamrahlíðinni röska tvo kílómetra og síðan allt að bæjarmörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Þar hefur Reykjavíkurborg tekið við og haldið lagningu stígsins áfram og mun hann tengjast stígakerfi Reykjavíkur í Grafarvogi. Þar með hefur verið komið á annarri vegtengingu sem er



Hamrahlíðarstígur að taka á sig mynd.

og brú veita vatni úr hlíðinni undir hann. Mosfellsbær og Vegagerð ríkisins stóðu að verkinu í samvinnu við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar sem lagði mikla vinnu í að fella tré og fjarlægja úr vegarstæðinu.

ÆSUSTAÐASKÓGUR.

Í Æsustaðahlíð sunnan Mosfellsdals hefur frá árinu 1992 vaxið upp myndarlegur skógur og tímabært orðið að hefja þar stíga- og vegagerð enda sækir félagið þangað í auknum mæli tré til sölu á jólatrjáamarkaði sínum. Frá hitaveituveginum sem liggur inn með hlíðinni hefur verið ruddur vinnuslóði upp í hlíðina og inn eftir henni miðri um 800 metra spöl. Slóðinn tengist gömlum göngustíg uppi í hlíðinni sem mun hafa legið frá Skammadal að Helgadal en var fyrir löngu aflagður; stígurinn hefur nú verið lagfærður. Með þessum framkvæmdum er komin þokkalega greiðfær gönguleið inn Æsustaðahlíðina eftir skógarreitnum miðjum með frábærri útsýn yfir Mosfellsdalinn allan. Skógræktarfélagið tók stíginn formlega í notkun með kvöldgöngu um hann kvenréttindadaginn 19. júní í sumar. Með í för var Bjarki Bjarnason sem er manna fróðastur um sögu Mosfellsdals og Mosfellsbæjar og

frh. á næstu síðu



Áð á Jónasarstíg. Bjarki Bjarnason segir göngufólki söguna af Jónasi Hallgrímssyni.

mikil samgöngubót og tryggir greiðfæra og örugga leið fyrir umferð gangandi og hjólandi fólks milli þessara bæjarfélaga. Stígurinn er hinn vandaðasti að allri gerð, 3ja metra breiður, undirbyggður, malbikaður og upplýstur, halli hvergi meiri en 5% og ræsi

frh. frá fyrri síðu

sagði hann göngufólki margt af íbúum dalsins og staðháttum þar. Bjarki rifjaði þar upp vísu eignaða Jónasi Hallgrímssyni sem fyrst mun hafa birst á prenti í 1. árgangi tímaritsins Óðins árið 1906 ásamt eftirfarandi sögu: „Vísu eftir Jónas Hallgrímsson, áður óprentuð. Mosfellingar þóttu engir búhóldar um það leyti sem Jónas dvaldi hér í Reykjavík á æskuárum sínum. Er svo sagt að þeir reiddu heyið á sumrin ofan í Reykjavík og seldu þar fyrir kramvöru og brennivín. Gengu þær ferðir oft slörkulega og komu bændurnir kendir heim. Jónas var á ferð uppi í Mosfellssveit þegar hann orti vísuna og var þá einn bóndinn að búa sig á stað í heysöluför til Reykjavíkur:

*Bóndinn situr á bæjarstétt,
bindur ‘ann reipi, hnýtir ‘ann hnúta;
heyið er upp í sæti sett,
—konan ætlar að kaupa sér fyrir það klúta.“*

Halldór Laxness nýtti sér þessa vísu löngu síðar í Innsveitarkroniku sinni og tengdi hana þar Mosfellsdal þótt þjóðsagan sem henni fylgir geri það ekki svo óbyggjandi sé. Munnmæli herma þó að Jónas hafi verið á ferð um sunnanverðan dalinn þegar hann sá bóndann á stéttinni og hefur Bjarki bæði heyrt bæina Hlaðgerðarkot og Helgadal nefnda í því sambandi, en þeir standa hvor við sinn enda Æsu-

staðahlíðar. Bjarki varpaði þeirri snjöllu hugmynd til Skógræktarfélagsins, í áningarstað í hlíðinni, að það gæfi stígnum nafn og nefndi hann Jónasarstíg í minningu listaskáldsins góða og ferða þess um Mosfellsdal og þjóðsögunnar sem varð skáldinu á Gljúfrasteini að innblæstri. — Jónasarstígur er góður viðauki við aðrar skáldaleiðir sem liggja um dalinn og blasa við af stígnum.

Sigurgeir Steingrímsson



Skógardísir og –púkar á Jónasarstíg. Helgafell í baksýn.

Torgtré úr Brekkuskógi

Nú á dögnum var í fyrsta skipti hægt að fá grenitré úr Brekkuskógi fyrir ofan byggðina í Grundarfirði, til að setja sem jólatré á torg bæjarins. Á dögnum fóru félagar úr Lions-klúbbnum í Grundarfirði, en þeir sjá um að útvega tré árlega á torgið, ásamt skógræktarfélagum til að höggva tré. Víða voru myndarleg tré úr fyrstu gróðursetningunni frá 1987. Tréð sem var höggvið var 7 metrar að lengd og þvermál þess við jörðu var 20 cm.



Að ofan. Tréð fellt í Brekkuskógi. Eins og sjá má er ekki skortur á myndarlegum trjám í skóginum og höfðu skógarhöggsmenn því úr nógu að velja (Mynd:Gunnar Njálsson).

T. v. Hér má greinilega sjá vaxtarhringina, sem sýna vel hversu góð sumur hafa komið, en þá er breiðara milli hringja (Mynd:Gunnar Njálsson).